

Ed.

374. Breytingartillögur

[15. mál]

við frv. til l. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 13. gr.
 - a) 1. mgr. orðist svo:

Menntaskólar skulu svo vel búnir starfsliði, að þeir geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um. Við hvern menntaskóla, sem fullnægir skilyrðum um nemendafjölda og annað, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð, skal því auk skipaðs skólastjóra og kennara ráða í eftirtalin störf m.a.:
 - b) Við A-lið. 4. töluliður falli niður og breytist röð töluliða samkv. því.
 - c) Við B-lið. Í stað orðsins „yfirkennara“ í 1. tölulið komi: aðstoðarskólastjóra.
2. Við 14. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Þeir kennarar, er gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, hljóta starfsheitið yfirkennarar.
3. Við 16. gr. 1. mgr. falli niður.
4. Við 26. gr. 7. töluliður orðist svo:

Ráðningu starfsliðs, starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna (sbr. 13. gr.).